

PERSÓNUVERNDARSTEFNA FASTEIGNAFÉLAGSINS ÞÓRKÖTLU EHF.

Fasteignafélagið Þórkötla ehf., kt. 410324-0750, Skógarbraut 946, 262 Reykjanesbæ (einnig vísað til sem „félagsins“) hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi þeirra persónuupplýsinga sem félagið vinnur með.

Persónuverndarstefna þessi gildir um þá vinnslu sem félagið hefur með höndum um umsækjendur um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík. Þá gildir stefnan einnig um þá einstaklinga sem leita til félagsins, svo sem senda fyrirspurnir eða erindi, og einstaklinga sem sækja um störf hjá félaginu. Auk þess gildir hún um vinnslu sem félagið hefur með höndum um tengiliði birgja og annarra samningsaðila.

Í persónuverndarstefnu þessari er vísað sameiginlega til þessara einstaklinga sem „**þín**“ og félagsins sem „**okkar**“.

1. Tilgangur og lagaskylda

Félagið leitast við að uppfylla í hvívetna persónuverndarlöggjöf og er stefna þessi byggð á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („**persónuverndarlög**“).

2. Persónuupplýsingar sem félagið vinnur

Vinnsla og söfnun félagsins á persónuupplýsingum þínum fer eftir eðli sambands þíns við félagið.

2.1 Umsóknir um kaup á íbúðarhúsnæði

Í þeim tilvikum þar sem félagið hefur til meðferðar umsóknir á grundvelli laga nr. 16/2024 um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík þarf félagið að óska eftir og skrá ákveðnar upplýsingar, eins og:

- nafn, kennitölu og heimilisfang;
- síma, netfang og bankareikning;
- upplýsingar frá Þjóðskrá Íslands um hvort lögheimili hafi verið í Grindavík þann 10. nóvember 2023;
- upplýsingar frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um eignarhlutfall, notkunareiningar og brunabótamat;
- efni umsóknar;
- samskipti félagsins og umsækjanda;
- nafn tengiliðar eða fyrirsvarsmanns;
- upplýsingar um þinglýsta eigendur fasteignar; og
- upplýsingar um hvort og þá hvaða fjárhæðir umsækjandi hefur fengið greiddar úr Náttúruhamfaratryggingu Íslands vegna fasteignarinnar.

Félagið aflar almennt þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með beint frá umsækjanda, en grunnupplýsingar og upplýsingar um lögheimili er aflað frá Þjóðskrá, upplýsinga um fyrri afgreiðslur er aflað frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands og þá kann félagið að afla upplýsinga frá lánveitendum um stöðu áhvílandi veðskulda og frá váttryggingafélögum og sveitarfélögum um áfallin gjöld, eftir því sem þurfa þykir.

Þá kann félagið að afla frekari upplýsinga og gagna úr opinberum kerfum um viðkomandi fasteign, eins og:

- kvaðir sem þinglýst er á viðkomandi eign;
- dagsetningu brunabótamats og uppfærslu þess;
- tegund húsnæðis;

- byggingarstig húsnæðis;
- skilmála úr fyrri viðskiptum; og
- tryggingarbréf, handhafabréf eða önnur veðskjöl.

Í þeim tilvikum þar sem gerðir eru samningar við þá sem fá umsókn samþykkt er safnað upplýsingum um samningsgerðina.

Vinnsla persónuupplýsinga hjá félaginu í tengslum við afgreiðslu og meðferð umsókna byggist almennt á að félaginu er lögum samkvæmt falið að fara með opinbert vald. Vinnsla persónuupplýsinga er þannig nauðsynleg í tengslum við þau verkefni sem félaginu eru falin, auk þess sem vinnsla um umsækjendur byggja að miklu leyti á lagaskyldu, sbr. lög nr. 16/2024 um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík.

2.2 Fyrirspurnir sendar félaginu

Þegar félaginu berst fyrirspurn með bréfpósti, tölvupósti eða í gegnum samskiptaform á vefsvæðinu island.is eru skráðar upplýsingar til að unnt sé að svara fyrirspurninni og hafa samband við viðkomandi. Félagið skráir niður:

- nafn, kennitölu, heimilisfang, síma, netfang o.fl.;
- efni fyrirspurnar;
- samskipti félagsins og viðkomandi; og
- fylgigögn.

Til að unnt sé að svara fyrirspurnum er í einhverjum tilvikum unnið með fjárhagsupplýsingar einstaklinga og/eða aðrar persónuupplýsingar.

Vinnsla persónuupplýsinga hjá félaginu vegna afgreiðslu fyrirspurna byggist almennt á því að félaginu er falið að fara með opinbert vald í tengslum við verkefni sín. Einnig gilda stjórnarsýslulög nr. 37/1993 um tiltekin verkefni félagsins sem kveða á um almenna skyldu starfsmanna félagsins til að veita þeim sem til þess leita aðstoð og leiðbeiningar.

Ef persónuupplýsingar koma frá þeim sem senda fyrirspurn á félagið eru þær skráðar. Samskiptaupplýsingar geta að hluta verið fengnar úr opinberum kerfum, eins og Þjóðskrá Íslands. Þá kann upplýsinga að vera aflað úr tölvukerfum félagsins ef þörf krefur til að svara fyrirspurn.

Símtöl til félagsins eða sýslumanna, sem fara með þjónustu fyrir hönd félagsins, eru almennt ekki skráð nema það sé talið nauðsynlegt til að svara erindinu.

2.2 Kaup félagsins á vöru og þjónustu

Í tengslum við samskipti félagsins við birgja og annarra samstarfsaðila vinnur félagið með samskipta- og tengiliðaupplýsingar forsvarsmanna slíkra aðila, þ.e.:

- nafn, kennitölu, heimilisfang, síma, netfang o.fl. og
- samskipti vegna viðskipta.

Vinnsla þessi er nauðsynleg svo félagið geti uppfyllt réttindi sín og skyldur á grundvelli samninga við birgja og samstarfsaðila.

2.3 Umsækjendur um störf hjá félaginu

Þegar umsækjandi sækir um störf hjá félaginu þarf það ákveðnar upplýsingar og gögn til að geta átt í samskiptum við viðkomandi og lagt mat á umsókn þeirra og hæfni.

Í þeim tilgangi er unnið með upplýsingar eins og:

- nafn, kennitölu, heimilisfang, síma, netfang o.fl.;
- ferilskrá;
- prófskírteini;
- kynningarbréf;

- meðmæli eða umsagnir;
- niðurstöður úr atvinnuviðtali; og
- mat á hæfni.

Upplýsinga kann að vera aflað frá umsagnaraðilum eða meðmælendum um þá umsækjendur sem koma til greina í störf hjá félaginu. Ef umsækjendur eru beðnir um að svara spurningum eða leysa úr verkefnum í tengslum við mat á hæfni eru slíkar upplýsingar skráðar.

Félagið vinnur með persónuupplýsingar umsækjenda til þess að geta gert ráðningarsamning við viðkomandi ef til þess kemur. Vinnslan byggir þannig á samningi, eða beiðni um að gera samning.

Almennt berast persónuupplýsingar og umsóknargögn frá umsækjendum sjálfum. Félagið kann að fá sér til aðstoðar og ráðgjafar utanaðkomandi aðila í ráðningarferlinu sem geta tekið á móti umsóknum eða umsóknargögnum vegna tiltekinna mála. Þá kann upplýsinga að vera safnað með því að leggja fyrir umsækjendur spurningar eða verkefni eða frá umsagnaraðilum og meðmælendum.

2.4 Gestir hjá félaginu, fundir o.fl.

Félagið vinnur með upplýsingar um þá sem koma á fundi hjá félaginu, svo sem:

- nafn, netfang, síma og vinnuveitanda;
- samskipti félagsins og viðkomandi; og
- heimsóknir, eins og fundartíma og fundarefni.

Þessar upplýsingar eru unnar til að geta haft samband við gesti og til að skipuleggja og halda fundi eða viðburði á vegum félagsins. Vinnslan byggir þannig á lögmætum hagsmunum félagsins.

2.5 Heimsóknir á vefsvæðið *island.is*

Stafrænt Ísland, sem er hluti af fjármála- og efnahagsráðuneytinu, ber ábyrgð á rekstri og þróun *island.is* sem er rafræn upplýsinga- og þjónustuveita opinberra aðila á Íslandi.

Nánar er fjallað um persónuverndarstefnu Stafræns Íslands á vefsíðu þess: <https://island.is/personuverndarstefna-stafrant-islands>

3. Miðlun til þriðju aðila

Félagið hefur gert samning við sýslumenn sem annast þjónustu við umsækjendur um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík. Sýslumenn koma í þeim tilvikum fram sem svokallaður vinnsluaðili fyrir hönd Þórkötlunnar en starfsmenn sýslumanna kunna þannig að hafa, auk starfsmanna Þórkötlunnar, aðgang að þeim upplýsingum sem félagið vinnur um umsækjendur.

Auk sýslumanna kann félagið að gera þjónustusamninga við þriðju aðila, s.s. í tengslum við hýsingu á kerfum eða aðra tæknilega aðstoð, en slíkir þriðju aðilar kunna þá eftir atvikum að hafa aðgang að þeim persónuupplýsingum sem félagið vinnur með.

Þórkatla kann auk þess að miðla persónuupplýsingum umsækjenda til þriðju aðila í tengslum við umsóknarferli eða samningsgerð við félagið. Sem dæmi kann upplýsingum að vera miðlað til Náttúruhamfaratrygginga Íslands („**NTÍ**“) og/eða lánastofnana, svo sem upplýsingum um:

- hvort umsókn þín hafi verið samþykkt af hálfu félagsins;
- hvort gengið hafi verið frá samningi við þig hjá félaginu; og
- hvort umsókn þín sé til meðferðar hjá félaginu.

Þá kann afriti af viðeigandi gögnum og samningum jafnframt að vera miðlað samhliða.

Miðlun félagsins á upplýsingum til NTÍ og lánastofnana, eftir því sem við á, byggist á því að vinnslan er félaginu nauðsynleg til að fara með þau verkefni sem félaginu eru falin á grundvelli laga og við meðferð á opinberu valdi félagsins.

Í tengslum við meðferð umsókna á miðlun upplýsinga til NTÍ um umsókn sér stað í þeim tilgangi að tryggja að mál séu ekki til meðferðar samhliða bæði hjá félaginu og NTÍ.

Komi til frekari miðlunar á persónuupplýsingum þínum til þriðja aðila mun félagið upplýsa þig sérstaklega um slíka miðlun. Þá kann félagið að óska sérstaklega eftir samþykki þínu í tengslum við miðlun til þriðja aðila.

4. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Félagið leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með sérstöku tilliti til eðlis þeirra. Dæmi um slíkar öryggisráðstafanir eru aðgangsstýringar að kerfum þar sem upplýsingar eru vistaðar og notkun eldveggja.

Þá nýtist félagið jafnframt við dulkóðun í tilgreindum tilvikum og gætir að því að starfsmenn þess séu meðvitaðir um þær kröfur sem á þeim hvíla á grundvelli persónuverndarlaga. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra.

5. Varðveisla á persónuupplýsingum

Félagið er skilaskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Af því leiðir að því er óheimilt að eyða skjölum og gögnum sem því berast eða verða til hjá því nema að fengnu leyfi Þjóðskjalasafns Íslands.

Í skilaskyldu felst jafnframt að öllum skjölum og gögnum sem berast félaginu eða verða til hjá því skal skilað til Þjóðskjalasafns Íslands þar sem þau eru geymd. Nánari upplýsingar um Þjóðskjalasafn Íslands má finna á vef safnsins (<https://skjalasafn.is/>)

6. Réttindi þín hvað varðar þær persónuupplýsingar sem félagið vinnur

Þú átt rétt á að fá aðgang og í ákveðnum tilvikum afrit af þeim persónuupplýsingum sem við vinnum um þig sem og upplýsingar um vinnsluna.

Við ákveðnar aðstæður kannt þú jafnframt að hafa heimild til að óska eftir því að persónuupplýsingum um þig verði eytt eða að vinnsla þeirra verði takmörkuð. Þar sem félagið er skilaskyld, sbr. gr. 5 í stefnu þessari, á réttur til eyðingar þó við í takmörkuðum tilvikum.

Þá átt þú rétt á að fá persónuupplýsingar þínar leiðréttar, séu þær rangar eða óáreiðanlegar. Því er mikilvægt að þú tilkynnir okkur um allar breytingar sem kunna að verða á persónuupplýsingum þeim sem þú hefur látið okkur í té, á þeim tíma sem við á.

Auk þess kann að vera að þú eigir rétt á afriti af þeim upplýsingum sem þú hefur afhent okkur á tölvutæku formi, eða að við sendum þær beint til þriðja aðila.

Þegar við vinnum persónuupplýsingar þínar á grundvelli lögmætra hagsmuna okkar getur þú andmælt þeirri vinnslu. Komi til þess að við vinnum með upplýsingar þínar á grundvelli samþykkis átt þú jafnframt alltaf rétt á að afturkalla slíkt samþykki.

Ofangreind réttindi þín eru þó ekki fortaklaus. Þannig kunna lög eða reglugerðir að heimila eða skylda félagið til að hafna beiðni þinni um að nýta þér umrædd réttindi.

7. Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar

Félagið hefur tilnefnt persónuverndarfulltrúa sem m.a. hefur það hlutverk að ráðleggja félaginu um skyldur á grundvelli persónuverndarlaga, tryggja framfylgni félagsins við lög

og vera tengiliður félagsins við Persónuvernd og þá einstaklinga sem félagið vinnur upplýsingar um.

Ef þú vilt nýta þér þau réttindi sem lýst er í 6. gr. í stefnu þessari, eða ef þú hefur einhverjar spurningar vegna persónuverndarstefnu þessarar eða það hvernig félagið vinnur með persónuupplýsingar þínar, vinsamlegast hafðu samband við persónuverndarfulltrúa félagsins sem mun leitast við að svara fyrirspurnum og leiðbeina þér um réttindi þín samkvæmt persónuverndarstefnu þessari.

Samskiptaupplýsingar persónuverndarfulltrúa eru eftirfarandi:

Áslaug Björgvinsdóttir, lögmaður
LOGOS lögmannsþjónusta
aslaug@logos.is
sími 5400300

Ef þú ert ósátt/ur við vinnslu félagsins á persónuupplýsingum getur þú sent erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

8. Endurskoðun

Félagið getur frá einum tíma til annars breytt persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig félagið vinnur með persónuupplýsingar. Verði gerðar breytingar á persónuverndarstefnu þessari verður uppfærð útgáfa tilkynnt þér á sama hátt og stefna þessi var kynnt.

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið birt.

Þessari persónuverndarstefnu var síðast breytt þann 30. apríl 2024.